



# Öndunarfærasýkingar


## Vikur 51–52

18. – 31. desember 2023

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

### COVID-19 (SARS-CoV-2)

Fjöldi COVID-19 greininga hefur verið stöðugur það sem af er vetri en greiningum fækkaði á síðustu tveimur vikum ársins. Í viku 51 greindust 77 með COVID-19 en fjöldinn var 62 í viku 52 (staðfest með PCR-prófi eða klínískri greiningu). Hlutfall jákvæðra prófa af heildarfjölda greindra sýna lækkaði einnig og var 13% í viku 52 (mynd 1).




**Mynd 1.** Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annaðhvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda greindra sýna (hægri ás) haustið/veturinn 2023 (frá mánaðamótum ágúst–september).


### Inflúensa

Fjöldi greininga á **staðfestri inflúensu** hefur aukist á undanförunum vikum. Í viku 51 greindust 49 einstaklingar með staðfesta inflúensu og 52 einstaklingar greindust í viku 52 (mynd 2). Öll greind tilfelli inflúensu í vikum 51 og 52 voru af inflúensustofni A.

Fjöldi **klínískra greininga** á inflúensulíkum einkennum eða „flensu“ (greiningar læknis án rannsóknarniðurstöðu) hefur einnig farið stigvaxandi það sem af er vetri (mynd 3).




**Mynd 2.** Fjöldi einstaklinga með staðfesta influensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af influensu.



**Mynd 3.** Vikulegur fjöldi klínískra greininga á influensulíköm einkennum haustið/veturinn 2023.

## RSV og aðrar öndunarfærasýkingar


Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu (RSV) jókst talsvert í viku 50 og hefur vikulegur fjöldi greininga verið svipaður síðan (mynd 4). Í viku 51 greindust 45 með RSV, þar af 11 börn undir eins árs aldri. Í viku 52 greindust aftur 45 einstaklingar með RSV, þar af 16 börn undir eins árs aldri. Af öndunarfæraveirum öðrum en inflúensu og RSV greindust flestir með rhinoveiru (kvef) og aðrar tegundir kórónaveira en SARS-CoV-2 í vikum 51 og 52. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).



**Mynd 4.** Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga haust og vetur 2023.

## Innlagnir á sjúkrahús

Undanfarnar vikur hefur fjöldi innlagna á Landspítala með/vegna öndunarfærasýkinga leitað upp á við, en mest aukning hefur orðið á innlögnum vegna RS-veirusýkingar og inflúensu. Alls greindust 56 manns með öndunarfæraveirusýkingu í eða við innlögn á Landspítala í viku 52 (mynd 5). Af þeim greindist 21 með RSV, þar af fimm börn undir eins árs aldri og fjögur börn á aldrinum 1–2 ára. Í viku 52 greindust 16 með inflúensu í eða við innlögn, mikill meirihluti einstaklingar 65 ára og eldri.



Mynd 5. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasykingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

## Samantekt

Greiningum á staðfestri inflúensu og RSV hefur fjölgað síðustu vikur á meðan greiningum á COVID-19 hefur heldur fækkað. Innlögnum á Landspítala með/vegna öndunarfærasykinga fjölgar og hlutfall þeirra sem greinast við eða í innlögn með RSV eða inflúensu hefur hækkað.

## Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarfærasykinga er áfram á uppleið víða í Evrópu. COVID-19 greiningum fer fjölgandi heilt yfir þó tíðnin fari minnkandi í einhverjum löndum. Inflúensutilfellum fer fjölgandi. Misjafnt er eftir löndum hvort tilfellum RSV fari fjölgandi eða ekki. Sjá frekari upplýsingar [á vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins \(ECDC\)](#).

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

